

## 259. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund þriðjudaginn 6. júlí 2010 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Lárus Á. Hannesson, forseti bæjarstjórnar, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ  
Gyða Steinsdóttir, GS  
Daði Heiðar Sigurþórsson, fundarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á Hannesson setti fund og stýrði. LÁH biður um leyfi fundar að GS megi ávarpa fundinn.

Samþykkt.

### 1. Fundargerðir bæjarráðs.

#### 1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 462 dags. 22.06.2010.

Fundargerð framlögð.

**Liður 1** fundargerð Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms (135. fundur) dags 27.05.2010 **Bæjarstjórn Stykkishólms þakkar Hafsteini Sigurssyni farsælt starf í Tónlistarskóla Stykkishólms og óskar honum farsældar á nýjum vettvangi. Fundargerðin Samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Erindi til afgreiðslu/umsagnir.**

**Liður 15** fundarboð Menningarráðs Vesturlands dags.08.06.2010.

**Bæjarstjóra var falið að tilnefna fulltrúa í samráði við sveitarfélög á Snæfellsnesi.**

**Upplýst að Dagbjört Höskuldsdóttir hafi verið tilnefnd sem fulltrúi.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 16** bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 07.06.2010. varðandi umsókn um nýtt rekstrarleyfi gistihúss að Höfðagötu 11.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 17** bréf dags. 07.06.2010. varðandi ágreining um lóðarmörk milli Silfurgötu 23 og Skólastíg 18a.

**Vísað til skipulags- og byggingarnefndar.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 18** bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 02.06.2010 varðandi umsókn Hafnargerðar ehf. um leyfi til að reka gististað í flokki 1, heimagistingu, að Skúlagötu 4 í Stykkishólmi.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 19** bréf Sambands íslenskra sveitafélaga dags. 02.06.2010. varðandi kjör fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Sjá samþykkt á síðasta bæjarstjórnarfundi.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 20** athugasemdir vegna deiliskipulagstillögu á íbúðarsvæði við Þinghúshöfða í Stykkishólmsbæ.

**Vísað til skipulags- og byggingarnefndar.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 22** bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 14.06.2010 varðandi umsókn um veitingaleyfi að Smiðjustíg 3.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**LÁH situr hjá vegna tengsla.**

**Liður 23** bréf sýslumanns Snæfellinga dags. 14.06.2010 varðandi umsókn um veitingaleyfi í Brimrúnu.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.  
LÁH situr hjá vegna tengsla.**

**Liður 24** bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 14.06.2010 varðandi umsókn um veitingaleyfi um borð í Særúnu.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.  
LÁH situr hjá vegna tengsla.**

**Liður 25** bréf Sýslumanns Snæfellinga dags. 14.06.2010 varðandi umsókn um veitingaleyfi um borð í Baldri.

**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við umsóknina.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.  
LÁH situr hjá vegna tengsla.**

**Liður 26** bréf v/geymslupláss á hafnarsvæði fyrir húseigendur í Flatey.

**Erindinu hafnað.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 27** styrkbeiðni v/Landsfundar Upplýsingar dags. 16.06.2010

**Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 28** bréf dags. 18.06.2010 vegna veitingar launalauss leyfis til Lárusar Hannessonar.

**Lárus vék af fundinum við afgreiðslu þessa liðar. Vísað til bæjarstjórnar í samræmi við reglur.**

**Bæjarstjórn samþykkir launalaust leyfi til 1 árs.**

**BA tók við fundarstjórn.**

**Til máls tóku: GDP,**

**Liður 29** tillaga GDP um úttekt á umfangi svartrar atvinnustarfsemi í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að gera úttekt á umfangi svartrar atvinnustarfsemi í Stykkishólmi og gera tillögur um hvernig unnið verði gegn slíkri starfsemi.

Einnig verði nefndinni falið að kanna hvort mögulegar tengingar geti verið á milli svartrar atvinnustarfsemi og einstakra skráninga atvinnulausra í Stykkishólmi.  
Gretar D. Pálsson

**Tillagan samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: DS, GDP,**

**Liður 30** tillaga GDP um stefnumótun í atvinnumálum í Stykkishólmi.

Bæjarráð samþykkir að fela Atvinnumálanefnd að hafa forgöngu um gerð stefnumótunar í atvinnumálum í Stykkishólmi með það að markmiði annars vegar að hleypa styrkari stoðum undir núverandi atvinnulíf og hins vegar að skilgreina markhópa atvinnugreina sem æskilegt væri að laða að eða setja upp í Stykkishólmi.  
Gretar D. Pálsson

**Tillagan samþykkt.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: GDP, LÁH,**

**Liður 31** tillaga GDP um breytingu/viðbót á erindisbréfi Æskulýðs og íþróttanefndar.

Undirritaður leggur til breytingu / viðbót á erindisbréfi Æskulýðs og íþróttanefndar. Að þriðji liður í **Hlutverk** nefndarinnar verði svohljóðandi:

- að tilnefna í ungmennaráð fimm fulltrúa á aldrinum 16-21 árs sem bæjarstjórn staðfestir skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, og samþykktar um stjórn og fundarskóp Stykkishólmsbæjar.

Samkvæmt erindisbréfi Ungmennaráðs tilnefnir Æskulýðs og íþróttanefnd fólk á aldrinum 18 -21 árs í ungmennaráð, en þessa hlutverks er ekki getið í erindisbréfi Æskulýðs- og íþróttanefndar.

Gretar D. Pálsson

Bæjarstjórn kemur með þá breytingartillögu að *í stað 16-21 árs komi 16-25 ára.*

**Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: GDP, BA,**

**Liður 32** tillaga um að skipaður verði vinnuhópur v/deiliskipulags Frístundabúskapar og hesthúsahverfis.

Undirritaður leggur til að skipaður verði vinnuhópur vegna deiliskipulags hesthúsahverfis og deiliskipulags frístundabúskapar er vinni með Glámu Kím að skipulagstillögum. Í vinnuhópnum eigi sæti einn fulltrúi frá Skipulags- og

byggingarnefnd, einn frá hesteigendafélaginu og einn frá frístundabændum.  
Gretar D. Pálsson

### **Tillagan felld með 4 atkvæðum gegn 3.**

#### **Til máls tóku: GDP, LÁH**

**Liður 33** skipun nýs fulltrúa í stýrihóp Dreifmenntar.

Undirritaður hefur verið fulltrúi Stykkishólmsbæjar í stýrihóp Dreifmenntar, samstarfsverkefni Snæfellsness og suðurfjarða Vestfjarða. Óska hér með eftir að skipaður verði fulltrúi í minn stað.

Gretar D. Pálsson

#### **Tillaga um að Berglind Axelsdóttir verði skipaður nýr fulltrúi í stýrihóp Dreifmenntar**

#### **Tillagan samþykkt.**

**Liður 34** tölvupóstur Péturs Ágústssonar fyrir hönd Sæferða ehf. dags. 15.06.2010 varðandi aðstöðu í höfninni fyrir Sæferðir

#### **Vísað til hafnarstjórnar.**

#### **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

#### **Lárus Ástmar situr hjá vegna tengsla.**

**Liður 35** tillaga um undirbúning sölu grunnskólans við Skólastíg

Undirrituð leggja til að settur verði saman vinnuhópur sem skoða á og koma með tillögur um hvort og þá hvernig á að skilyrða notkunarmöguleika skólahússins við skólastíg. Einnig skoði hópurinn byggingarmöguleika á svæðinu og komi með tillögu um nýtingu svæðisins.

Vinnuhópurinn skipi þrjár aðilar þ.e. bæjarstjóri, einn tilnefndur af D-lista og einn af L-lista.

Greinargerð:

Við teljum rétt að þessi vinna fari af stað þannig að einhver rammi liggi fyrir um nýtingu byggingarinnar og lóðarinnar ef nýta á hana í annað en nú er.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

#### **Tillagan samþykkt.**

**Liður 36** tillaga um könnun á sölu hlutar Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga.

Undirrituð leggja til að bæjarstjóra verði falið að kanna hvort hlutur

Stykkishólmsbæjar í Lánasjóði sveitarfélaga sem er 1,85% af sjóðnum, sé seljanlegur og á hvaða verði.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

### **Tillagan Samþykkt.**

**Liður 37** tillaga um undirbúning hljóðritunar á bæjarstjórnarfundum. Undirrituð leggja til að bæjarstjóra verði falið að kanna möguleika og kostnað á hljóðritun á bæjarstjórnarfundum. Hljóðritunin verði opin og aðgengileg á heimasíðu bæjarins.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

### **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Til máls tóku: LÁH**

**Liður 38** tillaga um skipun vinnuhóps vegna deiliskipulags á svæði fyrir frístundabændur. Undirrituð leggja til að skipaður verði vinnuhópur sem vinna mun með Glámu - Kím í deiliskipulagsvinnu við svæði frístundabænda. Hópurinn skipa byggingafulltrúi, einn tilnefndur af frístundabændum og einn af og skipulags- og bygginganefnd.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

### **Tillagan samþykkt.**

Bæjarstjórn kemur með breytingartillögu um að í stað *tilnefndur af frístundarbændum* komi *tilnefndur af bæjarráði*.

### **Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.**

**Til máls tóku: BA, GDP, DS,**

**Liður 39** tillaga um skipun vinnuhóps vegna deiliskipulags á svæði Hesteigendafélags Stykkishólms. Undirrituð leggja til að skipaður verði vinnuhópur sem vinna mun með Glámu - Kím í deiliskipulagsvinnu við svæði Hesteigendafélags Stykkishólms. Hópurinn skipa byggingafulltrúi, einn tilnefndur af Hesteigendafélaginu og einn af skipulags- og bygginganefnd.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

### **Tillagan samþykkt.**

**Liður 40** tillaga um að skipuð verði nefnd í málefnum fatlaðra.  
Undirrituð leggja til að stofnuð verði nefnd í málefnum fatlaðra.  
Nefndin verði fimm manna auk varamanna.

Greinargerð: Nefndin undirbúi móttöku málaflokksins frá Ríki yfir til sveitarfélaga  
auk þess að vera stefnumótandi og leiðandi fyrir málaflokkinn í Stykkishólmsbæ.

Lárus Ástmar Hannesson  
Berglind Axelsdóttir

**Tillagan samþykkt og bæjarstjóra falið að gera drög að erindisbréfi.**

**Reglur og samþykktir.**

**Liður 40** hundaleyfi - gjaldskrá  
**Samþykkt að hækka gjaldskrána sem nemur hækkun vísitölu neysluverðs frá  
1. mars 2001.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**  
**Til máls tóku: DS,**

**Önnur mál.**

**Liður 42** lófaleiðsögn, tilboð frá Anok Margmiðlun ehf.

**Ákveðið að fá kynningu á verkefninu.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**  
**Til máls tóku: GDP, BA, LÁH**

**Liður 46** tilnefning varamanns í þjónustuhóp aldraðra:  
Hanna Jónsdóttir

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**

**Liður 48** styrkbeiðni frá 4 flokki sameiginlegs knattspyrnuliðs á Snæfellsnesi.

**Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við erindinu.**

**Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.**  
**Til máls tóku: DS, ÍHS, LÁH, GDP**

**Opnuð umræða um fundargerðina í heild sinni.**  
**Umræða um lið 43.**

## Til máls tóku: GDP

### Umræða um lið 44.

## Til máls tóku GDP, LÁH, BA,

Bókun við lið 44 í fundargerð bæjarráðs Stykkishólmsbæjar nr. 462 frá 22.06.2010

Þar sem sýnt er að gagnkvæmt traust og trúnaður getur ekki orðið á milli undirritaðs og meirihluta bæjarstjórnar ásamt bæjarstjóra samanber neðangreint, segi ég af mér sem formaður bygginganefndar skólanna.

Ákvörðun mín byggir á inngripi bæjarstjóra með að því er virðist fulltingi meirihlutans í útboðsferli 1. áfanga byggingar tónlistarskóla og stækkunar grunnskóla.

Langt og vandað undirbúningsferli með þátttöku margra hefur verið að byggingu tónlistarskóla og stækkunar grunnskóla. Ákvörðun um byggingu 1. áfanga var tekin samhljóða í bæjarstjórn. Vek ég í þessu sambandi athygli á bókunum D-lista og afgreiðslu bæjarstjórnar á bæjarstjórnarfundi 20. maí sl. þar sem samþykkt var samhljóða að bjóða út byggingu á 1. áfanga stækkunar grunnskóla og tónlistarskóla Stykkishólms. Einnig vek ég athygli á að á fundi bæjarráðs þann 22. júní sl. er ég vakti athygli á útboðinu og tímasetningu þess, voru engar athugasemdir gerðar af hálfu bæjarstjóra né fulltrúa L-lista.

Rúmum sólarhring síðar óskar bæjarstjóri eftir frestun á útboði um viku þar sem hún þurfi persónulega að setja sig inn í málið. Ég taldi frest á útboði óþarfan vegna þessa, bæjarstjóri hafði haft þann tíma sem til þurfti til að setja sig inn í málið og gæti enn fremur nýtt tímann til að setja sig inn í málið í útboðsferlinu. Sjö bæjarfulltrúar hefðu tekið samhljóða upplýsta ákvörðun um útboð í bæjarstjórn þann 20. maí sl., þar af voru þrír af núverandi bæjarfulltrúum L-lista ásamt undirrituðum.

Föstudaginn 25. júní tilkynnti bæjarstjóri mér að hún hefði stöðvað auglýsingu um útboð sem birtast átti 27. júní. Þar með braut hún gegn samþykkt bæjarstjórnar að mínu mati.

Bæjarstjóri verður sjálf að gera grein fyrir inngripi sínu og vantrausti á samhljóða ákvörðun bæjarstjórnar. Einnig verða umræddir þrír fulltrúar L-lista að gera grein fyrir stefnubreytingu sinni. Undirritaður telur framgöngu bæjarstjóra og fulltrúa L-lista í jafn stóru og mikilvægu máli óviðunandi.

Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem hafa unnið að þessu verkefni með mér til þessa og vona að ótímabær og tilefnislaus frestun á útboði og þar með byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskóla verði ekki varanleg.

Gretar D. Pálsson

Bókun vegna mögulegs útboðs á byggingu tónlistarskóla og stækkun grunnskóla.

Undirrituð telja að kanna þurfi vel möguleika fjármögnunar byggingarinnar áður en hún verður auglýst til útboðs. Ástæðurnar eru eftirfarandi:



Rekstrarniðurstaða fyrir 2009 var neikvæð um 100 milljónir. Skuldastaða bæjarfélagsins er mjög viðkvæm og aukin skuldsetning mjög varhugaverð.

Fjármögnunaráætlun verður að liggja fyrir og sýnt sé að fjárfestingin setji bæjarsjóð ekki í erfiða stöðu sem hafa mun neikvæð áhrif á rekstur bæjarins.

Kanna þarf möguleika á sölu eigna til að fjármagna hluta byggingarinnar.

Lárus Á. Hannesson  
Berglind Axelsdóttir  
Davíð Sveinsson  
Egill Egilsson

Fundargerð bæjarráðs samþykkt.

### **11. Fundargerðir nefnda.**

#### **2.1 Fundargerð Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms dags 27.05.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt fyrir á fundinum.

#### **2.2 Fundargerð Æskulýðs- og íþróttanefndar dags. 19.05.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### **2.3 Fundargerð Þjónustuhóps aldraðra dags. 20.05.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### **2.4 Fundargerð stjórnar Dvalarheimilis aldraðra dags. 11.05.2010.**

Fundargerð framlögð og samþykkt.

### **12. Efnahagsreikningur Stykkishólmsbæjar 1.1.2010**

#### **Fyrri umræða**

Gyða Steinsdóttir gerði grein fyrir efnahagsreikningi Stykkishólmsbæjar 1.1.2010.

Við gerð efnahagsreiknings 1/1 2010 er tekið tillit til fyrirmæla í álit nr. 2/2010 frá Reikningssskila- og upplýsinganefnd Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Í þessu álitu eru gefin fyrirmæli um að sveitarfélög skulu meta þær lóðir og lendur í eigu sveitarfélagsins sem það hefur tekjur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs.

Efnahagsreikningi vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn.

**Til máls tóku: GDP, LÁH**

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Daði Heiðar Sigurþórsson, fundarritari.